

Ræða formanns stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins á ársfundi 2025

Góðir sjóðfélagar

Mig langar í upphafi að minnast tveggja stjórnarmanna sem hafa fallið frá nýlega.

Þann 4. febrúar sl. lést **Guðmundur Hjálmarsson**, sem starfaði lengst af sem deildarstjóri byggingadeildar Tækniskólans í Reykjavík. Guðmundur sat um árabil í stjórn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands og síðar í stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga.

Brynjólfur Bjarnason lést þann 16. mars sl. Brynjólfur sat í stjórn lífeyrissjóðsins á árunum 1997 til 2006 og var fyrsti formaður Almenna lífeyrissjóðsins þegar sjóðurinn var stofnaður með sameiningu Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og ALVÍB árið 2003. Brynjólfur leiddi einnig sameiningu Almenna og Lífeyrissjóðs lækna árið 2005.

Ég vil biðja fundarmenn að rísa úr sætum sínum og minnast Guðmundar Hjálmarssonar og Brynjólfs Bjarnasonar. Þakka ykkur fyrir.

I. Inngangur

Það má segja að árið 2024 hafi verið farsælt fyrir fjárfesta. Helstu markaðir sem Almenni lífeyrissjóðurinn fjárfestir á skiluðu góðri ávöxtun. Blandaðar ávöxtunarleiðir hækkuðu mest og var nafnávöxtun þeirra á bilinu 10% til 13,8%. Hæst var ávöxtunin í Ævisafni I sem hækkaði um 13,8% sem samsvarar 8,7% raunávöxtun. Samtryggingarsjóður, sem er stærsta einstaka ávöxtunarleið Almenna, hækkaði um 12,5% sem jafngildir 7,4% raunávöxtun.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári. **Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun **Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og það sem af er þessu ári auk þess að kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ég ætla hins vegar að ræða um verkefni stjórnar og önnur mikilvæg atriði sem hafa áhrif á rekstur sjóðsins.

Það er sérstaklega ánægjulegt að mæta til ársfundar að þessu sinni, þar sem tilkynnt verður um niðurstöðu sögulegs stjórnarkjörs. Í þetta skiptið gáfu 32 sjóðfélagar kost á sér í kosningu um tvö sæti í stjórn og tvö sæti varamanna, sem er met og endurspeglar mikinn áhuga á starfsemi sjóðsins. Almenni lífeyrissjóðurinn er opinn lífeyrissjóður í eigu sjóðfélaga sem kjósa sína fulltrúa í stjórn. Við áttum von á góðri þátttöku en þessi fjöldi er töluvert fyrir ofan væntingar. Það er merki um traust og virka þátttöku þegar margir sjóðfélagar gefa kost á sér með það að markmiði að stuðla að jákvæðri þróun sjóðsins.

II. Fjárfestingarstefna og ný ávöxtunarleið

Það er áhugavert og skemmtilegt að sitja í stjórn lífeyrissjóðsins, enda eru verkefnin bæði fjölbreytt og krefjandi. Starfsemin er lögbundin og er því að mestu í föstum skorðum. Hlutverk stjórnar er að móta stefnur sem starfsmenn vinna eftir og sinna eftirlitshlutverki til að tryggja að sjóðurinn starfi í samræmi við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Dagleg rekstrarverkefni berast almennt ekki á borð stjórnar, né heldur fjárfestingarverkefni, nema þegar um er að ræða fjárhæðir yfir ákveðnu hámarki.

Stærsta verkefni stjórnar ár hvert er endurskoðun og mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þar er ákveðið í hvaða eignaflokkum ávöxtunarleiðir fjárfesta, sett markmið um eignasam-

setningu og skilgreind vikiörk sem heimila frávik frá stefnu. Við endurskoðunina er tekið tillit til þátta eins og sögulegrar ávöxtunar og sveiflna, áhættuþols sem ræðst m.a. af aldri sjóðfélaga, fjárfestingartíma og tryggingafræðilegri stöðu samtryggingarsjóðs. Stefnan kveður einnig á um hámark einstakra útgefenda og kröfur um fjárhagslegan styrkleika. Reynslan sýnir að til lengri tíma litið skiptir fjárfestingarstefnan mun meira máli en einstakar fjárfestingarákvarðanir. Fjárfestingarstefnan tekur markvissum og varfærnium breytingum milli ára og er uppfærð stefna yfirleitt samþykkt í nóvember og birt á heimasíðu sjóðsins. Þótt hún sé merkt viðkomandi ári er hún til langs tíma en við teljum mikilvægt að sjóðfélagar viti hvernig sjóðurinn hyggst ráðstafa sparnaði þeirra litið til framtíðar.

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025 var samþykkt 27. nóvember 2024. Kristjana Sigurðardóttir mun gera grein fyrir breytingum milli ára hér á eftir en ég ætla þó að segja frá því að ákveðið var að stofna eina nýja ávöxtunarleið, **Erlent verðbréfasafn**, sem er sjöunda ávöxtunarleið sjóðsins. Við erum mjög ánægð með þessa viðbót sem hefur fengið góðar móttökur þrátt fyrir mótvind á mörkuðum á síðustu vikum, sem einkum er tilkominn vegna yfirvofandi tollastríðs.

III. Áhættustýring

Á hverju ári fer sjóðurinn yfir og endurskoðar það sem kallað er eftirlitskerfi með áhættu með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Stjórn ber ábyrgð á áhættukerfinu og eyðir drjúgum tíma á hverju ári að skipuleggja það og fylgjast með að það sé skilvirkt. Í tengslum við endurskoðun áhættukerfis fer stjórnin yfir ýmsar sviðsmyndir sem geta haft áhrif á afkomu og stöðu lífeyrissjóðsins, meðal annars varðandi mismunandi þróun fjármálamarkaða og sviðsmyndir sem tengjast einstökum atburðum og þróun þeirra á hverjum tíma.

Í þessu samhengi vil ég nefna að sjóðurinn fylgist grannt með eignum á vegum ávöxtunarleiða Almenna lífeyrissjóðsins sem staðsettar eru á Reykjanesi. Þessar eignir eru bundnar í félögum sem eiga, beint eða óbeint, í HS Orku, HS Veitum og Bláa Lóninu, auk skuldabréfa sem HS Veitur hafa gefið út. Samanlagt námu þessar eignir rúmunum 8,6 milljörðum króna í árslok, og vægi þeirra í eignasöfnum ávöxtunarleiðanna var á bilinu 1,0% til 2,4%. Félögin hafa tryggingar sem veita vernd gegn eignatjóni og rekstrarstöðvun að ákveðnu marki.

IV. Þjónusta

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins er að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Á árlegum vinnufundi stjórnar á árinu 2024 var þjónusta við sjóðfélaga sérstakt þema. Farið var ítarlega yfir alla þætti þjónustunnar auk þess að líta til framtíðar og þá alveg sérstaklega stafrænnar þjónustu en sífellt fleiri nýta sér sjóðfélagavef og lánavef til að sækja upplýsingar og sinna eigin málum. Á vinnufundinum fóru ráðgjafar sjóðsins yfir daglega þjónustu við sjóðfélaga en í hverri viku svara þau að jafnaði um 150 símtölum, lesa um 150 til 200 tölvupósta og svara samdægurs, svara um 15 netspjölum og hitta að jafnaði um 25 til 40 sjóðfélaga á stað- eða fjarfundum sem eru bókaðir fyrirfram og aðra 10-20 sem koma á skrifstofuna án þess að bóka tíma.

Sjóðurinn stendur einnig fyrir margvíslegri fræðslu fyrir sjóðfélaga og skipuleggur þannig upplýsinga- og fræðslufundi. Mæting á slíka fundi er misjöfn en ég vil benda á að öllum viðburðum er streymt á vefnum og hægt að horfa á síðar. Í þessu sambandi vil ég nefna að í

byrjun mars hélt sjóðurinn fræðslufund undir nafninu „Eftirlaun í útlöndum“ fyrir sjóðfélaga sem íhuga að verja eftirlaunaárunum að einhverju leyti erlendis. Fundinn sóttu á annað hundrað manns en síðan hafa yfir 2.300 horft á upptöku frá fundinum á vefnum.

Þjónusta sjóðsins er markviss og metnaðarfull. Ég hvet sjóðfélaga til að fylgjast með fræðslustarfsemi sjóðsins og bóka tíma hjá ráðgjafa til að fara yfir lífeyrismálin og sjá hvert stefnir.

V. Markaðs- og kynningarmál

Stjórnin ræðir reglulega um markaðs- og kynningarmál. Almenni vill stækka til að viðhalda áhættudreifingu og ná fram stærðarhagkvæmni í rekstri. Reynslan sýnir að það er mikilvægt að minna reglulega á sjóðinn til að viðhalda nýliðun og innri vexti. Og hér er gaman að segja frá því að markaðsstarf síðustu ára hefur skilað góðum árangri. Ímyndarkönnun Gallup sýnir að Almenni er þriðji þekktasti lífeyrissjóðurinn og í öðru sæti þegar spurt var um þekkingu á vörumerkinu. Á síðustu árum hefur sjóðfélögum sem greiða skylduiðgjald til sjóðsins fjölgað og má sem dæmi nefna að á fyrsta ársfjórðungi árið 2016 greiddu að meðaltali 5.700 sjóðfélagar lágmarksiðgjald til sjóðsins en á þriðja ársfjórðungi síðasta árs voru þeir 10.400 talsins.

Almenni hefur lýst því yfir að sjóðurinn er einnig opinn fyrir samstarfi og sameiningu við aðra sjóði. Það er því ánægjulegt að greina frá því að í janúar gerði Brú lífeyrissjóður samstarfs-samning við Almenna um séreignarsparnað. Brú mun benda sjóðfélögum sínum á ávöxtunarleiðir Almenna fyrir bæði lágmarks- og viðbótariðgjald. Aukinn áhugi á séreignarsparnaði leiddi til þess að Brú skoðaði stofnun nýrrar séreignardeildar en kaus að ganga til samstarfs við Almenna í staðinn. Stjórn Almenna er stolt af samstarfinu og lítur á samstarfssamninginn sem viðurkenningu fyrir ávöxtunarleiðir sjóðsins.

Þá vil ég nefna að stjórnir Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks hafa undirritað viljayfirlýsingu um að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu sjóðanna. Stjórn Almenna er jákvæð gagnvart þessu verkefni og lítur á það sem tækifæri. Sjóðirnir eru líkir að uppbyggingu – lágmarksiðgjald skiptist milli samtryggingar og séreignar og sjóðfélagahóparnir eru að mestu háskólamenntaðir sérfræðingar með lága örorkutíðni. Sameining gæti styrkt rekstur til framtíðar og skapað tækifæri til sparnaðar. Viðræður eru á frumstigi en stefnt er að niðurstöðu fyrir sumarið. Náist samkomulag verður tillaga um sameiningu borin upp til atkvæða á sjóðfélagafundum í samræmi við samþykktir hvors sjóðs. Stjórn Almenna mun halda sjóðfélögum upplýstum um framvindu málsins.

V. Önnur mikilvæg atriði

Í desember 2021 tilkynnti fjármálaráðuneytið að lífeyrissjóðir skyldu taka upp nýjar líftöflur sem gera ráð fyrir lengri meðalævi. Þetta þýðir auknar skuldbindingar, þar sem ellilífeyrir er greiddur til æviloka. Hæstiréttur staðfesti 27. nóvember 2024, í máli Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að heimilt sé að laga réttindi sjóðfélaga eftir aldri vegna nýrra líftaflna. Dómurinn er fordæmisgefandi og staðfestir lögmæti slíkrar aðlögunar. Niðurstaðan styður réttindabreytingar sem samþykktar voru á ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins 31. mars 2022. Með dómsniðurstöðunni má telja innleiðingu nýrra líftaflna hjá Almenna lokið.

Í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF-skuldabréfa um uppgjör. Til að setja málið í samhengi má nefna að skuldabréfin eru ein stærsta einstaka eign Almenna lífeyrissjóðsins. Þann 23. febrúar 2024 hófust formlegar viðræður milli íslenska ríkisins og 18

lífeyrissjóða, þar á meðal Almenna lífeyrissjóðsins, um uppgjör skuldabréfa sjóðsins. Í mars 2025 lögðu ráðgjafar lífeyrissjóða og viðræðunefnd ráðherra fram tillögu um uppgjör HFF-bréfa með ríkisskuldabréfum, öðrum verðbréfum og reiðufé, íslenskar krónur og gjaldeyri. Tillagan, sem þarf samþykki 75% kröfuhafa, verður borin upp á fundi skuldabréfaeigenda þann 10. apríl nk. Verði hún samþykkt, mun ráðherra leita heimildar Alþingis til að ljúka uppgjörinu með fjáraulögum.

Seðlabankinn birti í október sérrit um lífeyrissjóði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði að mati bankans. Sérritinu er ætlað að hvetja til umræðu og vera innlegg í mögulega endurskoðun á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Í því eru fjölmargar ábendingar, sumar afdrifaríkar en aðrar minniháttar. Stjórn Almenna hefur yfirfarið sérritið og mótað afstöðu til mikilvægra ábendinga. Á vegum stjórnvalda er einnig í gangi vinna við grænbók um lífeyriskerfið með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti. Rýni á sérriti Seðlabankans mun nýtast þegar grænbókin kemur út.

Með hækkun lágmarksiðgjalds og auknum heimildum til séreignarsparnaðar hefur samkeppni meðal vörsluaðila harðnað – bæði um séreign sem hluta lágmarksiðgjalds og viðbótarlífeyrissparnað. Almenni lífeyrissjóðurinn fagnar auknu frjálsræði og hvetur sjóðfélaga til að kynna sér vel valkosti og skoða m.a. fjárfestingarstefnu, árangur, þjónustu, upplýsingar og kostnað. Ég vil sérstaklega nefna þóknunir til sölumanna erlendu líftryggingafélaganna sem dregst af iðgjöldum sjóðsfélaga á sér ekki fordæmi meðal íslenskra lífeyrissjóða. Einnig er mikilvægt að huga að frelsi til að skipta um vörsluaðila séreignarsparnaðar en þeir sem gera samning við tryggingafélag gera yfirleitt langtímasamning sem getur verið kostnaðarsamt að segja upp ef fólk vill hætta eða flytja sparnað sinn til annarra vörsluaðila.

Margir eiga erfitt með að greina muninn á hefðbundnum séreignarsparnaði og lífeyrstryggingum frá erlendum tryggingafélögum. Þar er lögð áhersla á sparnað í evrum og ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri. Samanburður við innlenda séreignarsjóði sýnir þó oft verulegan mun í ávöxtun og kostnaði. Almenni kemur vel út í slíkum samanburði. Í nýlegri grein framkvæmdastjóra sjóðsins sem birtist í Viðskiptablaðinu og á heimasíðu sjóðsins er rýnt í slíkan samanburð. Byggt á gögnum frá 2014–2023 var eignasöfnun hjá Almenna allt að 44% meiri en hjá þýsku líftryggingafélagi. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að taka upplýsta ákvörðun.

Á árinu 2025 eru liðin 60 ár frá því Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, elsti sjóðurinn af forverum Almenna lífeyrissjóðsins var stofnaður. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands var stofnaður þriðjudaginn 4. maí 1965 í Tjarnarbúð. Fundurinn var boðaður af lífeyrissjóðanefnd Tæknifræðingafélags Íslands með bréfi til allra félaga og mættu á fundinn 19 félagar. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands var fyrsti séreignarsjóður landsins. Árið 1998 sameinaðist sjóðurinn Lífeyrissjóði arkitekta en sameinaður sjóður arkitekta og tæknifræðinga sameinaðist síðan ALVÍB í ársbyrjun 2003 þegar Almenni lífeyrissjóðurinn var stofnaður. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins mun minnast afmælis sjóðsins með ýmsum hætti sem verður nánar auglýst á heimasíðu og með netpóstum til sjóðfélaga.

VI. Stjórnarstörfin

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaaætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2024 til mars 2025

fundaði stjórnin 15 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnar-funda til að greina mál og undirbúa fundi.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Más Mixa og Þórarins Guðnasonar í aðalstjórn auk Frosta Sigurjónssonar, varamanns. Þeir gefa allir kost á sér til endurkjörs. Kristján Davíðsson sem kosinn var í varastjórn Almenna á síðasta ársfundi tók sæti í stjórn Landsbankans og sagði því af sér sem varamaður. Því verður einnig kosið um sæti varamanns til tveggja ára.

Ég vil vekja athygli sjóðfélaga að meðal tillagna að breytingum á samþykktum sjóðsins er að stjórn lífeyrissjóðsins verði skipuð sex aðalmönnum, án varamanna. Vegna fjarfunda hefur dregið úr þörf á varamönnum þar sem þeir eru sjaldan kallaðir inn vegna fjarveru aðalmanna. Samkvæmt samþykktum er stjórn ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund og mikilvægar ákvarðanir krefjast þátttöku allra aðalmanna, sé þess kostur. Þessi breyting er í samræmi við þróun stjórnarháttanna annars staðar og miðar að einfaldari, skýrari og stöðugri stjórnarháttum. Til að tryggja eðlilega yfirfærslu er lagt til sólarlagsákvæði um að núverandi varamenn sitji út kjörtímabil sitt og leysi aðalmenn af ef þörf krefur. Þegar það tímabil rennur sitt skeið, tekur nýja skipanin formlega gildi.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.